

HÖFÐINGJASKAÐL A STURLUNGAÖLD

Guðrún Nordal
University College London

1

Íslenskt þjóðfélag tók miklum stakkaskiptum á þrettánda öld. Í stað hinna fornu goða komu nokkrir stórgoðar eða höfðingjar (eins og þeir eru kallaðir í Sturlungu) er réðu yfir stærri og víðfeðmari landsvæðum. 1 Saga aldarinnar ber mjög dóm af átökum milli þessara valdamiklu höfðingja um héraðsýfirráð. Er sumir þeirra gengu á hönd Noregskonungi snérust átökin fljótt upp í kapphlaup um landsýfirráð - og loks jarldóm.

Fræðimenn hafa á síðustu árum fjallað rækilega um veldi og ríkidæmi höfðingja á þrettánda öld. 2 Heimildir eru oft tvíráðar um fjárráð einstakra valdsmanna, en þó erfitt sé að kveða á um stærð sjóða þeirra, er ljóst að þau valdaátök sem settu svip á mannlíf aldarinnar kröfðust annarra búhátta og héraðsstjórnar, en hinir fornu goðar höfðu tíðkað. Ný kynslóð héraðsforingja byggði virki kringum bæi sína til að verjast óvæntum upphlaupum, hafði um sig líf vígra manna og treysti tryggðarbönd vina og attingja með rausnarskap og veisluhöldum. Þeir höfðingjar urðu vinsælastir sem höfðu svo rúm fjárráð að bændur þurftu ekki að bera af þeim kostnað. Breytt þjóðfélagsstaða höfðingja á Sturlungaöld skipar þeim fremur við hlið samtímahöfðingja Vestur-Evrópu, er stóðu í hernaði og landvinningum, og þjónuðu kóngi sínum, en goðum þjóðveldisins. Líkari þeim jörlum sem íslensk skáld höfðu sungið lof.

Það væri ekki fjarri lagi að hinar breyttu þjóðfélagsaðstæður hefðu haft áhrif á samband skáldsins og hins nýrika íslenska höfðingja. Áður en við hugum að skáldum Sturlungaaldar er nauðsynlegt að athuga stöðu og yrkisefni forvera þeirra á fyrri öldum þjóðveldisins. Íslendingasögur auk Landnámu eru aðalheimildir okkar um fyrstu aldir íslenskrar byggðar. Þar sem sögurnar eru færðar í letur af kristnum sagnaritutum ber frásögnin fremur vitni lífsskoðun þeirra en heiðinna Íslendinga. En visur ortar á sögutíma sýna hið forna skáld og

1Sjá m.a. Jón Jóhannesson. 1956, Íslendingasaga I. Þjóðveldisöld (Reykjavík: Almenna bókafélagið), 53-109.

2Sjá m.a. greinaskrif Helga Þorlákssonar og Gunnars Karlssonar: Gunnar Karlsson. 1972, "Goðar og bændur", Saga 10, 5-57; sami. 1980, "Völd og auður", Saga 18, 5-30; sami. 1983, "Um valdakerfi 13. aldar og aðferðir sagnfræðinga", Saga 21, 270-5 [aðs. eftir Helga Þorláksson, 275-91]; Helgi Þorláksson. 1979, "Stórbændur gegn goðum. Hugleiðingar um goðavald, konungsveld og sjálfræðishug bænda um miðbik 13. aldar", í Söguslóðir. Afmælisrit helgað Olafi Hanssyni sjöttugum 18. september 1979, Reykjavík: Sögufélag) 225-50; sami. 1982, "Stéttir, auður og völd á 13. öld", Saga 20, 63-113.

yrkisefni þess í raun: eitt þeirra var ekki íslenski goðinn.

Fléstar vísur í Íslendingasögum virðast upphaflega ortar sem lausavísur. Varla er minnst á sérstök kvæði, flokka eða drápur, um íslenskan goða, heldur oftast um erlenda stórhöfðingja. Örfáar undantekningar eru frá þessari meginreglu. Í Eyrbyggju er vitnað til tveggja vísa úr Illugadrápu Odds Breiðfirðings um illuga svarta og í tveir úr Hrafnsmálum Þormóðs Trefilssonar. Erfitt er að staðhæfa um kvæðin í heild sinni, en í þessum fásinu vísum er ráðsnilld og hetjuskapur Snorra goða lofaður. Snorri, forfaðir Sturlunganna, var einn fárra valdsmanna frá söguöld sem svipar mjög til þrettánda aldar höfðingja.³

Auk þessara kvæða um Íslendinga eru tvö erfikvæði kvæðin eru um Íslending í Íslendingasögnum, Sonatorrek Egils Skallagrímssonar og brot úr drápu Þormóðs Kolbrúnarskálds um Þorgeir fóstbróður sinn. Sama er að segja um yrkisefni íslenskra skálda á tólftu öld. Þau fjalla ekki um frægðarverk íslenskra höfðingja, heldur færist í vöxt að yrkja kvæði um trúarleg efni.

Þessu er öfugt farið í konungasögum. Meirihluti vísa er tekinn úr lengri kvæðum um konunga og jarla, sem þó hafa getað staðið einar.⁴ Þessi kvæði eru ekki eingöngu erfikvæði eða lofgjörð um genginn konung, heldur kvæði er lýsa bardögum, herförum og öðrum þrekvirkjum. Skáldið stendur því í öðrum sporum gagnvart yrkisefni sínu, en Egill eða Þormóður í fyrrnefndum kvæðum. Það er þjónn höfðingjans og gestur, og geldur þá raun með því að færa verk hans í varanlegan búning.⁵

En þrettánda öldin boðaði ekki einungis breytingu á þjóðfélagsháttum, heldur virðist samband hins íslenska skálds og stór-goðans breytast. Eitt hlutverka þess verður þjónusta við stórgoðann; hugsanlega vegna þess að höfðingjanum svipar nú til fyrri herra þess - erlenda stórhöfðingjans - í raun og lífnaðarháttum. Þó að ekkert kvæði sé varðveitt heilt um íslenskan höfðingja á þrettánda öld, er vitnað til lengri kvæða sjú sinnum. Hrafnsmál, um Hrafn Sveinbjarnarson, eftir Guðmund Svertingsson, Atlöguflokkur, um Þóré kakala og Flóabardaga, og Brandeflokkur, um Brand Kolbeinsson, eftir Ingjald Geirmunds-

³ Einar Ól. Sveinsson taldi sig finna samsvaranir milli vísa í Íslendinga sögu og Þorgíls sögu Hafliða annars vegar, og Eyrbyggju hins vegar, og segir einnig um kvæði Sturlu Þórðarsonar Hrafnsmál að "yfirleitt eru Hrafnsmál Sturlu stöling á Hrafnsmálum Þormóðar", sjá Einar Ól. Sveinsson, formáli að Eyrbyggju í íslensk Fornrit 4 (1935), p. xlviii-1.

⁴ John Lindow. 1982, "Narrative and the Nature of Skaldic Poetry", in Arkiv för Nordisk Filologi 97, 101.

⁵ Lofið gat þó verið tvíbeitt: see Roberta Frank. 1985, "Skaldic Poetry", í Old Norse-Icelandic Literature. A Critical Guide, Islandica 45, 181: "The dual role of the Norse court poet - praise and blame - has been acknowledged", og getur Frank þeirra sem fjallað hafa um hlutverk skáldsins.

son, Brandsdrápa, einnig um Brand Kolbeinsson, eftir Skáld-Halli, Porgilsdrápa og Pverárvisur, um Porgils skarda, eftir Sturlu Þórðarson og Aronsdrápa, um Aron Hjörleifsson, eftir Ólaf Þórðarson.6

Það vekur athygli að ekkert kvæði virðist ort um Snorra Sturluson, Sturlu Sighvatsson og Gissur Þorvaldsson. Heimildir um skáld og skáldskap, sagna- eða kvæðaskemmtun eru fágætar í Sturlunga sögu. Dróttkvæð höfðingjakvæði varðveittust ekki sjálfstæð í handritum, heldur efið sem hluti af lausamálstexta. Öðru máli gegndi um trúarkvæði. Það er eftirtektarvert að Sturla Þórðarson vitnar aðeins einu sinni í kvæði um þá stórhöfðingja sem hann fjallar um í Íslendinga sögu: í erfikvæði um Porgils eftir sjálfan sig. Ekki er hægt að fullyrða að sá kafli hafi verið í sögunni upphaflega. Það er því athyglisvert að aðeins einn höfðingi er lofaður í lifanda lífi fyrir verk sín í sögunni, Sturla Sighvatsson, hinn glæsilegi en feigi prins Sturlunganna, er féll á eigin bragði á Örlygsstöðum árið 1238.

2

Sturla Sighvatsson var einn fyrirferðarmesti höfðingi á fyrri hluta þrettándu aldar (f.1199). Hann varð mjög valdamikill, sérstaklega milli 1230 og 1238, en eftir 1235 gekk hann meðal annars erinda Hákonar gamla Noregskonungs. Lítið er vikið að búskap hans, en af Íslendinga sögu má ráða að hann hafði vigbúð fyrgardalið og var einn þeirra höfðingja er byggði virki um bæ sinn, er átök hörnuðu á milli hans og fœðurbræðra hans

6Hrafnsmál varðveitt í Hrafn sögu Sveinbjarnarson hinni sérstöku, ekki í Sturlungu, sjá útg. Guðrúnar P. Helgadóttur á sögunni 1987 (Clarendon Press:Oxford), vísur 1, 2, 3, 4, 12, 14, 15, 20, 21, 33, og 34. Vísurnar eru ekki sagðar vera úr lengra kvæði um Hrafn; Aronsdrápa, í Arons sögu, í Sturlungu sögu II. 1948, útg. Jón Jóhannesson o.fl. (Reykjavík), vísu 15 og 17; vísu 17 líka í Sturlungu: vísu 56). Ekki sagt að erindin séu úr störra kvæði. Brot úr hinum kvæðunum eru varðveitt í Sturlungu sögu. Hér og í greininni er vitnað í útgáfu Svarts á hvítu á Sturlungu frá árinu 1988, nema annað sé tekið fram: Sturlunga saga I-II, útg. Örnólfur Thorsson o.fl. (Reykjavík). Blaðsíðu- og/eða vísunúmer er tilgreint í sviga eftir hverja tilvitnun: Atlöguflokkur (111-16. vísu); Brandflokkrur (117-18. vísu, 126-9.vísu); Brandsdrápa 120-25.vísu; Porgilsdrápa (147 og 137/148.vísu (131.vísu, skáld óþekkt í Porgils sögu, en sögð eftir Sturlu í útg. Finns Jónssonar.1915, Den norsk-íslandske skjaldedigtning All (Gyldendalske boghandel:København/Kristiania) [hér eftir Skjl]); Pverárvisur (146. vísu); Lindow, 1982, 98fn: segir "few noteworthy skaldic poems" varðveitt frá þrettándu öld, en horfir fram hjá þeim brotum sem varðveitt eru í Sturlungu, "the Christian poetry also belonged to an elite, namely the educated brothers of the Church" (120).

um 1225 (294-5). Í fylgd hans var skáld sitt, Guðmundur Oddsson, sem yrkir um helstu atburði í lífi Sturlu á tímabilinu 1222 til 1232. Sturla Þórðarson nefnir ekki að vísurnar séu teknar úr lengra kvæði um Sturlu, en það afsannar þó ekki að slíkt kvæði kynni að hafa verið til.⁷ Guðmundur var þekkt skáld á sinni tíð og er hans getið sem skálds Skúla jarls í Skáldatali.⁸ Engin vísa er varðveitt eftir hann um jarlinn.

Þetta Guðmundar er ókunn. Hans er fyrst getið í Íslendinga sögu við hirð Skúla jarls vorið 1220.⁹ Ekki er vitað hve lengi hann hafði dvalist hjá Skúla, en engin deili sögð á honum. Hann er nefndur til sögunnar um þar mundir er Norðmenn hyggja á herför til Íslands. Vitnað er í vísu eftir hann af því tilefni:

Hvað skal eg fyrir mig hyrjar
hreggmíldr jöfur leggja,
gram frögn að því gegnan,
geirnets, sumar þetta?
Byrjar hafs að herja
hyrsveigir mér eigi,
sárs vinnr jarl, á órar
ættleifðir, svan reifðan. (262, vísa 44)

Skáldið virðist ávarpa bæði konung og jarl; jöfur er einnig notað um jarla, svo vera má að Guðmundur beini máli sínu einvörðungu til Skúla.¹⁰ Í vísunni koma fram einkenni sem verða glöggari í síðari vísu Guðmundar. Guðmundur Oddsson er tilfinninganæmt skáld.¹¹ Það er vitanlega ekki óvenjulegt að skáld tali í fyrstu persónu til höfðingjans, en Guðmundur tekur skýra afstöðu gegn fyrirhugaðri herför ráðamanna í Noregi, gestgjafa sinna.¹² Vísan gefur frásögn Sturlu Þórðarsonar í Íslendinga sögu og Hákonar sögu óvæntan þjóðernislegan blæ. Það

7Nmgr. 5: Dæmi um slíka túlkun: Hrafnsmál og Aronsdrápa.

8Skáldatal. 1660-7, í Edda Snorra Sturlusonar III (Hafnia: Sumptibus Legati Arnaragnsani), 257 og 723-5.

9Einnig í Hákonar sögu Hákonarsonar efter Sth. 8fol., AM 325 VIII, 4to og AM 304,4to. 1977, Norrøne Tekster 2, útg. Marina Mundt (Nordiske Kjeldeskrift-Institut:Oslo), 56 (59).

10Sjá Lexicon Poeticum .Antiquæ Lingvæ Septentrionalis. Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog. 1931, opr.af Sveinbjörn Egilsson, 2 útg. Finnur Jónsson (København), s.v. jofurr. Hér eftir stýtt LP.

11Finnur Jónsson. 1923, Den oldnorske og oldislandske litteraturhistorie II (København: G.E.Gads Forlag [2.útg]), 89: segir svo um vísuna "Det mærkeligste af dem er det første, hvori den bekymrede digter udtaler den smukke tanke, at det sømmer sig ikke for ham at føre krig mod sit fædreland".

12Carol Clover. 1978, "Skaldic Sensibility", Arkiv för Nordisk Filologi 93, 63-8.

sæmir Guðmundi ekki að herja á fósturjörð sína. Notkun nafn-
orðsins ættleifdir er óvenjuleg í skáldskap. Hallvarður
háreksblesi notar það um herför Knúts konungs til Englands, sem
hann kallar Ellu ættleifð og leggur áherslu á að Knútur sé ekki
réttur arfi að ríkinu. Og sama á við um jarlinn þetta vor.

Hvort sem Guðmundi hafi þótt óbærilegt að vera við hirð
fjandsamlegs höfðingja eða ekki, hefur hann farið til Íslands
stuttu eftir þetta. Hans er næst getið á Íslandi árið 1222 í
líði Sturlu Sighvatssonar, þegar Sturla og Sighvatur faðir hans
ráðast að Guðmundi biskupi og mönnum hans í Grimsey í hefndar-
skyni eftir víg Tuma Sighvatssonar. Vitnað er í tveir vísur
eftir Guðmund í tengslum við förina. Í fyrra erindinu blandar
skáldið saman kristnum og heiðnum kenningum. Guðmundur notar
kenningar af heiðnum rótum um Sturlu og Sighvat (geira stígs
gæti-Gautar / Hamdis væðr), en kallar biskupsmenn Bagla (dregið
af biskupsstafnum bagall)¹³:

Norðr bera gæti-Gautar
geira stígs að vígi
Hamdis væðr, á heiðar
hagl snýr, á vit Bagla.
Skyldu ei flærðar fylldir
festendr lagar hesta,
harór get eg víst að verði
vor fundr, reka undan. (275, vísa 50)

Guðmundur er greinilega á bandi höfðingja síns. Biskupsmenn er
lýst sem fullum flærðar. Það orð er fremur notað í trúarkveð-
skap, s.s. í Harmsól,¹⁴ en í veraldlegum kveðskap og hefur því
hárfína írónska tilvisun í vísunni, þar sem það er notað um
yfirmann norðlenskrar kirkju og líð hans.¹⁵

Sturla Þórðarson vitnar til síðari vísu Guðmundar að loknum
bardaganum með sigri Sturlunganna. Nú kveður við annan og
lofsamlegri tón. Kristur er nú greinilega á hlið Sturlu á móti
þjóni kirkjunnar:

Stórlátr hefir Sturla.
stendr hrafn á ná jafnan,
Kristr røðr tír og trausti,
Tuma hefndir vel efndar.
Skapað vann hinn er höppum,

¹³Baglar er heiti á líði Nikolasar biskups og Eiríks erki-
biskups gegn líði Sverris konungs í Sverriðssögu, en ekki notað
um Guðmund og líð hans annars staðar í sögum um hann.

¹⁴Harmsól 39, í Den norsk-islandske skjaldedigtning Al.
1912, tekst efter håndskrifterne, útg. Finnur Jónsson (Gylden-
dalske boghandel:København og Kristiania): fnyk þola flerdar
auknir: um píslir vegna synda að þessu lífi loknu; sjá LP.

¹⁵Einar Ól. Sveinsson, 1935, xlix: þer línuna gæti-gautar
saman við 13. erindi í Eyrbyggju.

hestrennir, veidr flestum,
hás fyrir hernað stóran
höfuðviti griðbitum. (278, vísa 52)

Tuma hefur verið hefnt með fulltingi Krists, er ræður tír og trausti. Sturla hefur stuttu áður vitnað til bænar Guðmundar eftir afhroðið í Grimsey: Guðmundur biskup bað guð hefna sín "því að ég má eigi, vesalingur minn." (278 (k.194)). Vísan dregur úr bæninni og gagnrýnir stranglega aðgerðir biskups. Í síðari helmingi vísunnar, sem sagnaritarinn veður sem lokaathugasemð við bardagann, segir skáldið að biskup og menn hans hafi orðið að þola harða refsingu (höfuðviti) fyrir griðrof sín (kallaðir griðbitar). Það var alvarlegt að kalla annan mann griðbit, því grið voru ekki aðeins samningur um frið milli manna heldur trúarlegur sáttmáli, griðamál. Það er fróðlegt að skoða það sem segir í Grágás um griðrof og bera saman við orðalag vísunnar:

þrifiz sa maðr hvergí er þessi grið rýfr er ec hefi her nefnd. oc bindi hann ser sua höfga byrd oc comiz aldregi undan. en þat er guð drottens gremi oc griðbitz nafn En þeir menn allir hafe guðs miscuN er griðom halda vel og allra heilagrar arnaðar orð.16

Höfuðviti stendur aðeins í einu handriti Sturlungu, en í öðrum hofugt viti, sem virðist bergmála ofangreinda klausu úr lögnum, einkum þar sem refsingin (viti), eða hin mikla byrdi, er hlutur griðbitsins.17 Sturla Þórðarson kys að taka sterkt til orða um vig Tuma og syndir biskupsinna. Í sögunni er gefið í skyn að frændur hans hefndu Tuma í fullum rétti og ennfrémur að aftaka Tuma var hvorki guði né lögum landsins þóknarleg. Þessi kafli í Íslendinga sögu er gott dæmi um frásagnaraðferð Sturlu í sögunni allri. Hann vitnar til spakyrða, vísna eða drauma til að koma viðkvæmri síðferðilegri gagnrýni á framferi. Óbein afstaða hans með Sturlu vegur þyngra þar sem Sturla galt fararinnar ríkulega þegar erkibiskup gerði honum að fara í suðurgöngu til að 'leysa mál' þeirra feðga:

hann var leiddur á millum allra kirkna í Rómaborg og ráðið fyrir flestum höfuðkirkjum. Bar hann það drengilega sem líklegt var en flest fólk stóð úti og undraðist, barði á brjóstið og harmaði er svo friður maður var svo hörmulega leikinn og máttu eigi vatna halda bæði konur og karlar (351 (k.243), sjá einnig 347 (239)).

Sturlu er lýst af frænda sínum sem píslarvatti í Róm.

Guðmundar skálds er næst getið sjö árum síðar þegar hann er eitt fórnarlamba í árás sona Þorvalds Vatnsfirðings, Þórðar og

16Grágás Ia/Ib. 1852, Første Del. Anden Del., udgivet efter det kongelige Bibliotheks Haandskrift af Vilhjálmur Finsen, Kjøbenhavn: Nordiske Literatur-Samfund, 205.

17Sjá Skj All 79-81, s.v. Guðmundur Oddsson; vísa nr.3.

Snorra, á Sauðafelli, bæ Sturlu Sighvatssonar 13. janúar 1229. Guðmundur var enginn vígamaður og segir sagan svo um skáldið:

Á þvertrjám í skálanum hafði legið borðfjöl mikil. Þar hafði Guðmundur skáld hlaupið á upp þá er hann heyrði höggin og lá þar svo að hann varð ekki fundinn. Mennt spurðu Guðmund hvar hann hefði verið þess að hann var ekki sár. Hann kvað:

Varð eg þar er víga-Nirðir
valskóð ruðu blóði,
gnýr óx Göndlar skúra,
gagnhræddr svo að þar magni.
Sjálfr lagði eg, sveigðar
sárs féll blóð á árar,
lítt var eg heldr í hættu,
haus minn á fjöl stinna. (314-15, vísa 63)

Það er líklegt að þessi vísa hafi komið Finni Jónssyni til að segja svo um Guðmund að hann hafi sýnt "bløðhed og mildhed, der just ikke var almindelig i de tider, og som stemmer med den færd, digteren viste under ufred".¹⁸ Skáldið er gagnhrætt og þar magni (lé magna). Blóðið flýtur um bæinn, eins og sagt er í sögunni: Flaut blóð um þli húð. Vísan lær hinni nákvæmu frásögn Sturlu af árásinni óvænta mannlega vidd og minnr á að Íslend- inga saga lýsir mannlegum harmleik.¹⁹

Margar vísur voru ortar eftir Sauðafellisför og var Snorra Sturlusyni kennt um árásina, en hann svaraði með fleymingi. Er vísur Snorra og eins fylgdarmanns hans, Guðmundar skálds Galta- sonar, komu til Sauðafells, kvað Guðmundur Oddsson þessa vísu:

Vist hafa minnst þeir er mestu
menn ofstæki nenna,
ferð rauð flein að morði,
fúðr síns, og ský böðvar.
Þá hafa lítt für, fréttir
fyrir gerð, synir byrjað,
her gest hrepps til Snorra,
haldkvæma Þorvaldi. (316, vísa 66)

Guðmundur sér fyrir sér blóði drifnar stofur Sauðafells um leið og hann sendir Snorra sem aðalhvatamanni fararinnar tóninn. Sjöunda vísuorðið er torskýranlegt, nema hrepps sé breytt í hneppat (eins og gert er í útgáfum): her gest hneppat til Snorra. Skáldið bendir á að synir Þorvalds hafi ekki verið sæmdir að hafa farið svo lítt haldkvæma för fyrir fúður sinn. Hann kallar árásina bera mark um ofstæki. Það orð er ekki notað

¹⁸Finnur Jónsson, 1923, 89.

¹⁹Jan de Vries. 1942, Altnordische Literaturgeschichte II (Walter de Gruyter & Co:Berlin), 226: nefnir að Guðmundur sýni í þessari vísu "wie abhängig er von älteren Dichtern gewesen ist". Bendir á að Göndlar skúra gnýr minni á Sighvat Þórðarson.

annars staðar í varðveittum kveðskap frá fyrri öldum, en það kemur fyrir í sögum, t.d. í orðum Þorkels Eyjólfssonar um hefnd Guðrúnar eftir Bolla: mikit þykki mér á liggja, ofstaki hennar, segir hann, "ok stórræði; hon mun vilja hefna Bolla, bónda síns." 20 Guðmundur Oddsson er eini sjónarvotturinn sem yrkir um aðförina. Því er fordæming hans enn áhrifameiri. 21

Sturla Sighvatsson sækir réttar síns vegna Sauðafellsfarar og þegar hann fær sjálfðami í málum sínum við Þorvaldsyni kveður Guðmundur þriðju visu sína um höfðingja sinn:

Höfðinginn fór hingað
harðgeör til Vatnsfjarðar,
hugói hann vætr á vægðir,
vestr rausnarför mesta.
Mjök hefir málalyktir
menrýranda hins dýra,
vegr Sturlu þvarr varla
vandað heilagrandi. (326, vísa 73)

Guðmundur ber mikið lof á Sturlu Sighvatsson. Síðasta visuorðið vekur sérstaka athygli. Nú er það ekki einungis Kristur sem vakir yfir Sturlu, heldur hefur heilagrandi vandað málalyktir. Heilags anda er vissulega getið í trúarkveðskap, en ekkert dæmi er um að á hans sé minnst í veraldlegum kveðskap um stríðandi höfðingja. Það er háttur þessa skálds að vekja upp kristilegar tilfinningar, þegar það vill kveða sérstaklega jákvætt að orði um höfðingja sinn. Það var dýrsta lofið á Sturlungablíð. Sjöunda visuorðið snýr við sjöundu línunni í visu Svertings Þorleifssonar um Snorra Sturluson eftir Sauðafellsför: þverri þinn vegr Snorri (318, vísa 70), og upp á Sturlu Sighvatsson: vegr Sturlu þvarr varla.

Sturla Sighvatsson beið í þrjú ár með hefndir eftir Sauðafellsför, en réðst þá harkalega að bræðrunum er þeir ríða hjá bæ hans. Var þá háður Erpsstaðabardagi 8. mars 1232. Sturla hafði öll vopn í hendi sér. Þorvaldssynir voru yfirbugaðir og vægðarlaust teknir af lífi. Sú aðgerð er gagnrýnd í sögunni. Högðun Sturlu var með miklum eindæmum í bardaganum. Hann barðist ekki sjálfur, en varpaði fram kærissleysilegum athugasemdum um framgöngu annarra:

Í þessi svipan var Guðmundur skáld sleginn steinshögg svo að hann féll og fótunum kastaði fram yfir höfuðið. Menn vildu til hans taka.
Sturla mælti: "Látum hann vera kyrran. Ekki mun hann

20 Laxdæla saga, 1934, útg. Einar Ól. Sveinsson [islenzk Fornrit] (Hið islenzka fornritafélag: Reykjavík), 174 (k. 58).

21 Guðrún Nordal, 1989, "Eitt sinn skal hverr deyja", Skírnir 163, 77; og um visu Snorra og hlutdeild hans í árasinni, sjá Guðrún Nordal, 1991 (í prentun), "Skáldið Snorri Sturluson", Snorrastefna. Ráðstefna haldin í Reykjavík 25.-27. júlí 1990.

saka. Svo fer hann á hverjum fundi" og skellti upp og hló. (340 (k.235))

Viðbrögð Sturlu eru kaldranaleg. Frásögn Íslendinga sögu leggur sérstaka áherslu á fám Sturlu og fát, en einnig á harðneskju hans og grimmd við aftökur bræðranna. 22 Rétt eins og höfundur sögunnar hafði brugðið ljósi á blóðugt ofbeldið í Sauðafellsför, stendur Erpstaðabardagi ljóslifandi fyrir hugsskotssjónum sem tákn um óverjanlega grimmd. Og svo fór að Solveig eiginkona Sturla líkir grimmd bónda síns við veggjarleysi þorvaldssona í Sauðafellsför: kvað Solveig Vatnsfirðinga þá vita mundu hverja grimmd þeir höfðu sýnt þar í heimsókninni (344). Beittari gagnrýni á hefnd Sturlu var vart hugsanlegri.

Er Sturla riður með mönnum sínum heim frá bardaganum biður hann skáldið að yrkja visu og gjalda Snorra í sömu mynt:

Þá er þeir Sturla riðu heim hjá virki var talað um hversu Snorra mundu líka víg þessi eða hvort hann mundi yrkja um. Sturla bað Guðmund að minnast visna þeirra er Reykhyltingar höfðu ort um Sauðafellsferð. Þá kvað Guðmundur visu þessa:

Hvort munu, hildar kerta
hregg kom æst að seggjum,
raun sleit úr því, Ránar
rærfirðingar vírða,
að, stálhjarls, Sturla,
steinrunnins, mun kunna,
valr fékk blóðs í byljum
bráðir, stórt að ráða. (344, vísa 76)

En er Guðmundur hafði heyrt athugasemd Solveigar kvað hann aðra visu:

Guldu grimmdarfylldir
gljúfrs bestinga vestan
strætis stórrar sveitar
stiklendr tíund mikla.
Létust einn dag, ítrum
arnsprengi, framgjarnir,
svo hygg eg, fíknir, til tókust,
tveir höfðingjar þeira.

Þessar tvær visur eru frábrugðnar fyrri visum Guðmundar. Þær eru hefðbundnar lýsingar á orrahríðinni. Nú hrósar hann Sturlu sem bardagamanni, en ekki sem manni er gangi á guðs vegum. Þó visurnar séu svipaðar, er síðara erindið ort í skjóli harðorðrar athugasemdar Solveigar og tvíræðara í lofi sínu á Sturlu.

Guðmundur hlýðir fyrirskipun höfðingja síns og bergmálar fyrri visan fyrsta visuorðið í visu Snorra eftir Sauðafellsför (raun

er að), en í síðari vísunni notar skáldið svipað heiti um Sturlu og Svertingur Þorleifsson um Snorra eggjunarmann Sauðafellsfarar (arngrennir). Fjórsa lína síðari vísunnar er einnig athyglisverð. Guðmundur segir að bræðurnir hafi galdið tíund mikla og í síðari helmingnum eru þeim lýst sem metnaðargjörnum (framgjarnir) og ágjörnum (fíknir) höfðingjum, en þar ástríður voru tvær dauðsýndanna. Þetta er eina kristna tilvísunin í þessum vísu og virðist notkunin tvíræð og irónísk í vísunni.²³ Það er ekki á valdi Sturlu að krefjast tíundar af Þorvaldssonum né að ákveða refsingu fyrir syndir þeirra.

3

Kveðskapur Guðmundar Oddsson um höfðingjann Sturlu Sighvatsson í Íslendinga sögu er ekki aðeins merkileg heimild um hvernig Sturla Þórðarson notar vitnisburð samtímamanna sinna til að undirstrika síðferðilega merkingu atburða, heldur er hann ekki síður fágætur vitnisburður um íslenskt höfðingjaskáld og afstöðu þess til höfðingja síns á Sturlungaöld.

Fyrstu fimm vísur Guðmundar í fylgd Sturlu bera viðkvæmni skáldsins og hrifningu á herra sínum ófað vitni. Guðmundur lofar hann með þeim tilvísunum sem áhrifamestar hafa verið kaþólsku skáldi: í kristna trú. Og þá yrkir hann með innlifun, án berrar óskar höfðingjans. Það er einungis í síðustu tveimur vísunum, þegar Guðmundur skáld launar Sturlu gistilaunin, að hann kveður með annarlegri og áhugalausri röddu. En undir ómar þungur undirtónn vonbrigða.

Það er torvelt að nálgast skáld á Sturlungaöld og enn erfiðara að verða einhvers vísari um aðstöðu þess og samband við höfðingja. En það er mikils virði að skoða kveðskap þeirra, því að þau voru raunverulegir sjónarvottar aldarinnar. Guðmundur skáld Oddsson var einn þessara skálda og hann fylgir þeim höfðingja sem líklegastur var til stórræða. Ef ráða má eitthvað af þeirri einu athugasemd sem Sturla létur falla um skáldið, hefur hann ekki endurgaldið Guðmundi virðingu sína. Fremur að hann dragi dár af honum sem hirðtrúði sínum.

En hvort sem Guðmundur var í augum Sturlu hirðfífl eða ekki, hélt skáldið í vísu sínum spegli að verkum höfðingjans. Í þeim sjö vísu, sem varða Sturlu Sighvatsson er hægt að greina hvernig álit skáldsins á gerðum hans breytist. Þegar komið er sögu árið 1232 hefur hinn feigi ofsi Sturlu fyrst gert vart við sig. Og þá kemur í ljós að þó skáldið væri háð örlæti höfðingjans var það ekki málþípa hans. Og þrátt fyrir Guðmundur hafi sýnt mannlegan ugg í Sauðafellsför, var hann ekki huglaus er verk gestgjafa hans, Skúla eða Sturlu, stríddu gegn hans bestu vitund. Þá varð þetta milda skáld sinn eiginn herra.

²³skv. LP, s.v. tíund er aðeins eitt annað dæmi í Leiðarvísu.